

Nd.

## 9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

### 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Culjak, Ivan, bakari í Keflavík, f. í Júgóslavíu 29. september 1940.
2. Djonic, Osman, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 8. ágúst 1918.
3. Djonic, Slavica, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 6. maí 1933.
4. Englezos, Anastasios, stud. phil. í Reykjavík, f. í Grikklandi 3. maí 1935.
5. Hansen, Harald Erwin, nemandi í Reykjavík, f. í Austurríki 8. júní 1944.
6. Hansen, Kristian, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 18. febrúar 1928.
7. Jensen, Jens Varnek Julius Meinhard, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 23. nóvember 1936.
8. Mazibrada, Slobodan, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 3. júlí 1941.
9. Mustac, Simica, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 13. febrúar 1932.
10. Nielsen, Folmer Martin, járnsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 10. júlí 1930.
11. Nielsen, Guðlaugur Ragnar, pípulagningamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1932.
12. Paulsen, Martha Kathrina Maria (Jónsson), húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 27. september 1931.
13. Petrovic, Dragoljub, blikksmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 25. desember 1927.
14. Petrovic, Dusanka, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 20. október 1928.
15. Ratec, Franjo, vefari á Álafossi, f. í Júgóslavíu 16. janúar 1926.
16. Schaupp, Jutta Eva Hedwig (Pálmason), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzka-landi 24. desember 1935.
17. Willert, Herta Johanne, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzka-landi 22. marz 1938.
18. Þórunn Sofia Jóhannsdóttir (Ashkenazy), húsmóðir í London, f. á Íslandi 18. júlí 1939.

### 2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenskan ríkisborgara-  
rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um  
mannanöfn.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta sem nr. 4—7,  
10—12, 16 og 17, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum  
beggja þingdeilda í nefndaráli á þskj. nr. 353 á 84. löggjafarþingi 5. marz 1964.

Umsækjendur þeir, sem taldir eru nr. 1—3, 8, 9 og 13—15 eru júgóslavneskir  
flóttamenn, sem leyfð var landvist hér á árinu 1959, samkvæmt ákvörðun ríkis-  
stjórnarinnar. Fyrirhugað hefur verið, að greitt yrði fyrir því, að þeir gætu öðlast  
íslenskan ríkisborgararétt, er sýnt þætti, að þeir mundu flendast á Íslandi.

Umsækjandi nr. 18 var íslenskur ríkisborgari, en giftist rússneskum manni  
á árinu 1961 og öðlaðist í því sambandi rússneskt ríkisfang, er hann hefur nú  
afsalað sér.